

Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð 44
(ágríp). — Með brjefi þessu tilkynnti ráðgjafinn, að konungur hefði 29. jan. sam- 31. jan.
þykkt, að Jónas bóndi Jónsson á Stóra-Vatnshorni í Haukadál í Dalasýslu, eig-
andi Stóra-Vatnshorns með tilheyrandi kirkju, hefði makaskipti á kirkjujörðinni
Skinnpúfu í Haukadál ásamt 2 landskikum fyrir sunnan Haukadalsá undan
Stóra-Vatnshorni og bændaeygninni Litla-Vatnshorni í Haukadál, þannig að hin
fyrnefnda jörð og landskikar eptirleidis álitist sem önnur bændaeygn, að því er
skattskyldu snertir, en hin síðarnefnda sem kirkjueign.

Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um mæling á uppsigling á 45
Hvammsfjörð. — Í sambandi við brjef hjeðan, dags. 1. marz f. á., læt jeg ekki 21. febr.
hjá líða þjónustusamlega að gefa yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegar vit-
undar, að jeg hefi fengið tilkynningu frá sjóliðsstjórn ríkisins um, að hún sakir
sjerstakra atvika geti ekki látið framkvæma hina eptiræsktu mæling á uppsigling
á Hvammsfjörð á þessu ári, þótt fje það, sem ætlað hefur verið til mæling-
arinnar, sje í sjálfu sjer nægilegt. Til þess að hægt verði að framkvæma áminnst
starf að ári er því nauðsynlegt að ný fjárveiting til þess verði tekin upp á fjár-
lagatrumvarpið fyrir næsta fjárhagstímabil.

Staðfesting konungs útgefin að mandatum í venjulegu formi af ráðgjafan- 46
um fyrir Island á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð handa ekkjum og munaðar- 25. marz
leysingjum í Rangárvallasýslu.

Skipulagsskráin hljóðar svo:

Sk i p u l a g s s k r á

fyrir styrktarsjóð handa ekkjum og munaðarleysingjum í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með frjálsum samskotum, sem voru 31. okt. 1894
orðin 550 kr., og skal ávaxta sjóðinn í söfnunarsjóðnum.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða, heldur skal auka hann á þann hátt,
er nú skal greina:

a. Með því að leggja árlega $\frac{1}{4}$ allra vaxta við höfuðstólinn.

b. Með því að leggja við höfuðstólinn gjafir, sem sjóðnum kunna að
verða gefnar.

3. gr.

Þrjá fjórðu af vöxtum sjóðsins skal halda sjer og safna saman þannig,
að ávallt megi til þeirra taka þegar þörf er á, og þegar mikið manntjón kemur
fyrir skal verja vöxtum þessum til að styrkja ekkjur og börn, einkum sjó-
druknadra manna og þeirra manna sem farast vofeiflega eða deyja á bezta
aldri, og sem á dánardægri eiga lögheimili í Rangárvallasýslu, þó svo, að ekki
sje veittur styrkur til manna í Austur-Eyjafjallahreppi, fyrr en samskot hafa
fengizt úr þeim hreppi, að tiltölu við aðra hreppa sýslunnar.

17. dag maímán 1895